



## Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2018-102U016**

Dagsetning: **13. júní 2018**

Staðsetning: **Djúpvegur í Hestfirði**

Atvik: **Útafakstur**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Samantekt

Ökumaður sendibifreiðar missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór út fyrir veg og lenti á stóru grjóti sem hafði fallið úr hlið fyrir ofan veginn ofan í vatnsrás við veginn. Ökumaðurinn lést í slysinu.

## Staðsetning



### Látinn:

66 ára karl

### Veður og birta:

Norðan 4 m/s, 10°C og bjart

### Vegur:

Bundið slitlag. Þurrft yfirborð. Hámarkshraði 90 km/klst.

Meðaltalsumferð á sólarhring er 248 ökutæki.

### Tími sólarhrings:

15:53

### Ökutæki:

Ford Transit sendibifreið, nýskráð 2017

## Lýsing á slysi

Síðdegis þann 13. júní 2018 missti ökumaður sendibifreiðar stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór út af Djúpvegi í Hestfirði. Auk ökumanns var einn farþegi í bifreiðinni. Veður var gott, þurr, nánast logn og bjart. Sjá mátti för eftir bifreiðina í vegöxlinni vinstra megin eða fjallsmegin vegarins. Förin sýndu að bifreiðinni hefði verið ekið yfir á öfugan vegarhelming og út af veginum. Í vatnsrás rétt við veginn var stórt grjót, sem hafði fallið úr fjallinu. Lenti vinstra framhorn bifreiðarinnar á grjótinu og kastaðist afturendi hennar aftur upp á veginn þar sem hún stöðvaðist. Talsverð aflögun varð á bifreiðinni, sérstaklega ökumannsmegin. Ökumaðurinn lést í slysinu. Vitni sem ók bifreið á undan sendibifreiðinni sá slysið í baksýnispegli. Vitnið greindi frá því að hann hefði séð bifreiðina sveigja lítilliga til vinstri þar til hún var komin út af veginum og lent á grjótinu. Það gat ekki séð að reynt hefði verið að sveigja henni aftur inn á veginn. Ummerki á vettvangi styðja þessa frásögn. Engin hemla- né skriðför sáust á slitlagi vegarins.



Mynd 1: Mynd af slysavettvangi tekin í akstursátt bifreiðarinnar.

### Áverkar

Ökumaðurinn var spenntur í öryggisbelti og loftpúðar í stýri og fyrir framan farþega sprungu út í slysinu. Mikil aflögun varð inn í ökumannsrými bifreiðarinnar. Ökumaður hlaut banvæna fjörláverka í slysinu.

Farþeginn í bifreiðinni hlaut talsverða áverka í slysinu. Öryggisbeltið í farþegasætinu lá faststrekkt upp við póstann sem bendir til þess að það hafi ekki verið í notkun.

### Ökutækin

Bifreiðin var af gerðinni Ford Transit og fyrsta skráning var í ágúst 2016. Bifreiðin var útbúin hálfslitnum hjólbörðum og var með fulla skoðun þegar slysið átti sér stað. Ekkert kom fram við rannsókn á bifreiðinni sem skýrt getur orsök slyssins.

## Ökuhraði

Ummerki á vettvangi og frásagnir vitna benda til þess að ökuhraði hafi verið innan hámarkshraða.

## Vegur og umhverfi

Á slysstað liggur vegurinn beinn og er með 6 metra breiðu bundnu slitlagi. Hjólför í vegfláanum mældust 52 metrar. Þyngd grjótsins sem bifreiðin lenti á var metin um 6 tonn.



Mynd 2: Mynd af grjótinu sem bifreiðin stöðvaðist á.

## Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar á ökumanni sendibifreiðarinnar var neikvæð.

## Orsakagreining

- Sennilegt er að ökumaðurinn hafi sofnað undir stýri og bifreiðin runnið út af veginum
- Stórt grjót var í vatnsrás rétt utan við veginn sem olli mikilli aflögun inn í ökumannsrými bifreiðarinnar í árekstrinum

## Tillaga í öryggisátt

### Grjóthrun og öryggissvæði

Nefndin beinir því til veghaldara að skoða hvort ekki sé hægt að takmarka frekar þá hættu sem stafar af reglulegu grjóthruni úr hlíðinni fyrir ofan veginn.

Í vegstaðli um vegbúnað kemur fram að öryggissvæði, þ.e. svæði meðfram veginum skuli vera 6 metrar fyrir veg eins og þann sem slysið átti sér stað. Grjótið sem bifreiðin lenti á var innan öryggissvæðis vegarins. Mikilvægt er að hættur í nánasta umhverfi vega séu fjarlægðar eða takmarkaðar til þess að vegumhverfið sé eins öruggt og kostur er og auki ekki á alvarleika atvika



heldur dragi úr þeim. Í hlíðinni fyrir ofan veginn þar sem slysið varð er leirblandaður jarðvegur sem er laus í sér. Samkvæmt veghaldara er vatnsrásin grjóthreinsuð á hverju vori en ekki var búið að hreinsa rásina þegar slysið varð. Hafði verkið tafist sökum þess að vorið og það sem liðið hafði verið af sumri var votviðrasamt. Grjóthreinsunin var gerð skömmu eftir slysið. Grjótið sem bifreiðin lenti á hafði nýlega fallið í vegrásina og höfðu verið gerðar ráðstafanir til að það yrði fjarlægð.

### **Skýrsluna samþykkja:**

Geirþrúður Alfreðsdóttir  
Ásdís J. Rafnar  
Guðmundur Freyr Úlfarsson  
Guðrún Nína Petersen  
Kristín Sigurðardóttir

### **Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa**

Sævar Helgi Lárusson  
Stjórnandi rannsóknar

**Reykjavík 24. janúar 2020**  
**Rannsóknarnefnd samgönguslysa**